STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1978

16. janúar 1978. 1 Nr. 1.

AUGLÝSING

um aðild að samþykkt um votlendi, sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Hinn 2. desember 1977 var skrásett hjá framkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í París móttaka aðildarskjals Íslands að samþykkt um votlendi, sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, gerðri í Ramsar, Íran, hinn 2. febrúar 1971.

Samþykktin tekur gildi fyrir Ísland hinn 2. apríl n. k. — og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 16. janúar 1978.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT UM VOTLENDI, SEM HAFA ALÞJÓÐLEGT GILDI, EINKUM FYRIR FUGLALÍF

Samningsaðilar,

sem gera sér grein fyrir órjúfanlegum gagnkvæmum tengslum manns og umhverfis

— leggja áherslu á mikilvægi votlenda fyrir vatnsmiðlun, fyrir sérkennilegan gróður og dýralíf, og þá sérstaklega votlendisfugla;

— telja að votlendi séu náttúruauðlind, er hafi mikið hagrænt, menningarlegt og vísindalegt gildi og séu mikilvæg til útivistar, og missir þeirra væri óbætanlegur;

— vilja stöðva vaxandi röskun og eyðingu votlenda nú og framvegis;

CONVENTION ON WETLANDS OF INTERNATIONAL IMPORTANCE ESPECIALLY AS WATERFOWL HABITAT

The Contracting Parties,

Recognizing the interdependence of man and his environment;

Considering the fundamental ecological functions of wetlands as regulators of water régimes and as habitats supporting a characteristic flora and fauna, especially waterfowl;

Being convinced that wetlands constitute a resource of great economic, cultural, scientific and recreational value, the loss of which would be irreparable;

Desiring to stem the progressive encroachment on and loss of wetlands now and in the future;

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

— gera sér ljóst að votlendisfuglar eiga oftlega för yfir landamæri og verða því að teljast alþjóðleg náttúruverðmæti;

— eru þess fullvissir að vernd votlenda og gróður og dýralífs þar megi tryggja með framsýni og sameiginlegu átaki einstakra þjóða og með alþjóðasamvinnu;

— hafa gert með sér svohljóðandi samþykkt:

1. gr.

1. Í samþykkt þessari teljast til votlenda hvers konar mýrar, flóar, fen og vötn, bæði náttúruleg og tilbúin, varanleg og óvaranleg, með kyrru vatni eða rennandi, fersku, hálfsöltu eða söltu, og þar á meðal sjór allt að sex metra dýpi um fjöru.

2. Í samþykkt þessari teljast votlendisfuglar þeir fuglar sem vistfræðilega byggja tilveru sína á votlendum.

2. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal innan lögsögu sinnar tiltaka viðeigandi votlendi, er sett skulu á skrá um votlendi, sem hafa alþjóðlegt gildi, hér eftir nefnd „skráin". Skráin skal haldin af skrifstofu þeirri er stofnsett er samkvæmt 8. gr. Mörkum hvers votlendis skal nákvæmlega lýst og einnig skulu þau færð inn á kort. Ár og strandsvæði, er jaðra við votlendin, mega vera innan slíkra marka, svo og eyjar eða sjávarsvæði á meira en sex metra dýpi, sérstaklega ef þau skipta máli sem aðsetur votlendisfugla.

2. Velja skal votlendi í skrána eftir alþjóðlegu mikilvægi þeirra á sviði vistfræði, grasafræði, dýrafræði, vatnalíffræði eða vatnafræði. Á fyrsta stigi skal tilfæra votlendi er hafa alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla á hvaða árstíma sem er.

3. Skráning votlendis raskar á engan hátt óskoruðum fullveldisrétti samnings-

Recognizing that waterfowl in their seasonal migrations may transcend frontiers and so should be regarded as an international resource;

Being confident that the conservation of wetlands and their flora and fauna can be ensured by combining far-sighted national policies with co-ordinated international action;

Have agreed as follows:

Article 1

1. For the purpose of this Convention wetlands are areas of marsh, fen, peatland or water, whether natural or artificial, permanent or temporary, with water that is static or flowing, fresh, brakish or salt, including areas of marine water the depth of which at low tide does not exceed six metres.
2. For the purpose of this Convention waterfowl are birds ecologically dependent on wetlands.

Article 2

1. Each Contracting Party shall designate suitable wetlands within its territory for inclusion in a List of Wetlands of International Importance, hereinafter referred to as "the List" which is maintained by the bureau established under Article 8. The boundaries of each wetland shall be precisely described and also delimited on a map and they may incorporate riparian and coastal zones adjacent to the wetlands, and islands or bodies of marine water deeper than six metres at low tide lying within the wetlands, especially where these have importance as waterfowl habitat.
2. Wetlands should be selected for the List on account of their international significance in terms of ecology, botany, zoology, limnology or hydrology. In the first instance wetlands of international importance to waterfowl at any season should be included.
3. The inclusion of a wetland in the List does not prejudice the exclusive so-

aðila yfir svæði því, þar sem votlendið er.

4. Sérhver samningsaðili skal tilfæra að minnsta kosti eitt votlendi fyrir skrána við undirskrift samþykkt þessarar eða þegar hann tilkynnir formlega staðfestingu hennar eða aðild að henni, samkvæmt ákvæðum 9. gr.
5. Sérhver samningsaðili hefur rétt til þess að bæta á skrána fleiri votlendum í lögsögu sinni og færa út mörk votlenda sem þegar eru á skránni. Þá skal aðili hafa rétt til að þrengja mörk votlenda er þegar eru á skránni, eða fella þau burt með öllu, ef brýnir þjóðhagsmunir krefjast þess. Aðili skal svo fljótt sem auðið er tilkynna stofnun þeirri eða ríkisstjórn, sem annast skrásetningu þá er greinir í 8. gr., allar slíkar breytingar.

6. Sérhverjum aðila ber að taka tillit til alþjóðlegrar ábyrgðar sinnar á vernd, meðferð og skynsamlegri hagnýtingu farandstofna votlendisfugla, bæði þegar valin eru svæði á skrána og þegar hann neytir réttar síns til þess að breyta atriðum á skránni að því er tekur til votlenda innan lögsögu hans.

3. gr.

1. Aðilar skulu undirbúa og framkvæma skipulag þannig að stuðlað sé að vernd votlenda sem eru á skránni, svo og skynsamlegri nýtingu votlenda innan lögsögu þeirra, svo sem unnt er.

2. Sérhver samningsaðili skal sjá um að honum verði tilkynnt jafnskjótt og auðið er, ef vistfræðileg sérkenni votlenda, sem eru innan lögsögu hans og eru á skránni, hafa breyst, eru að breytast eða eru líkleg til þess að breytast vegna verklegra framkvæmda, mengunar eða annarrar röskunar af mannavöldum. Upplýsingar um slíkar breytingar skal þegar senda til stofnunar eða stjórnar þeirrar sem ábyrgð ber á skrásetningu svo sem greinir í 8. gr.

vereign rights of the Contracting Party in whose territory the wetland is situated.

4. Each Contracting Party shall designate at least one wetland to be included in the List when signing this Convention or when depositing its instrument of ratification or accession, as provided in Article 9.
5. Any Contracting Party shall have the right to add to the List further wetlands situated within its territory, to extend the boundaries of those wetlands already included by it in the List, or, because of its urgent national interests, to delete or restrict the boundaries of wetlands already included by it in the List and shall, at the earliest possible time, inform the organization or government responsible for the continuing bureau duties specified in Article 8 of any such changes.
6. Each Contracting Party shall consider its international responsibilities for the conservation, management and wise use of migratory stocks of waterfowl, both when designating entries for the List and when exercising its right to change entries in the List relating to wetlands within its territory.

Article 3

1. The Contracting Parties shall formulate and implement their planning so as to promote the conservation of the wetlands included in the List, and as far as possible the wise use of wetlands in their territory.
2. Each Contracting Party shall arrange to be informed at the earliest possible time if the ecological character of any wetland in its territory and included in the List has changed, is changing or is likely to change as the result of technological developments, pollution or other human interference. Information of such changes shall be passed without delay to the organization or government responsible for the continuing bureau duties specified in Article 8.

4. gr.

1. Sérhver aðili skal stuðla að verndun votlenda og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum, hvort heldur þau eru á skránni eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi.

2. Ef aðili þrengir, vegna brýnna þjóðhagsmuna, mörk votlendis sem er á skránni, eða fellir það af skrá, skal hann svo sem framast er unnt bæta þann missi. Áhersla er lögð á, að hann stofni í staðinn friðlönd fyrir votlendisfugla og til verndar nægilega stórum hluta upphaflegrar vistar, annað hvort á sömu slóðum eða annars staðar.

3. Samningsaðilar skulu stuðla að rannsóknum og miðlun upplýsinga og rita um votlendi, gróður þeirra og dýralíf.

4. Aðilar skulu leitast við að auka stofna votlendisfugla í heppilegum votlendum með viðeigandi ráðstöfunum.

5. Aðilar skulu stuðla að þjálfun starfsliðs á sviði rannsókna, nýtingar og gæslu votlenda.

Article 4

1. Each Contracting Party shall promote the conservation of wetlands and waterfowl by establishing nature reserves on wetlands, whether they are included in the List or not, and provide adequately for their wardening.
2. Where a Contracting Party in its urgent national interest, deletes or restricts the boundaries of a wetland included in the List, it should as far as possible compensate for any loss of wetland resources, and in particular it should create additional nature reserves for waterfowl and for the protection, either in the same area or elsewhere, of an adequate portion of the original habitat.
3. The Contracting Parties shall encourage research and the exchange of data and publications regarding wetlands and their flora and fauna.
4. The Contracting Parties shall endeavour through management to increase waterfowl populations on appropriate wetlands.
5. The Contracting Parties shall promote the training of personnel competent in the fields of wetland research, management and wardening.

5. gr.

Aðilar skulu ráðgast innbyrðis um framkvæmd skuldbindinga, er samþykkt þessi felur í sér, sérstaklega þegar um er að ræða votlendi sem ná yfir lögsögu fleiri en eins aðila, eða þegar um er að ræða vatnasvæði sem eru í lögsögu fleiri en eins aðila.

Þeir skulu jafnframt leitast við að samræma og vinna að framkvæmd markmiða og laga um vernd votlenda, gróðurs þeirra og dýralífs, bæði þeirra er nú eiga við og þeirra er kunna að eiga við í framtíðinni.

Article 5

The Contracting Parties shall consult with each other about implementing obligations arising from the Convention especially in the case of wetland extending over the territories of more than one Contracting Party or where a water system is shared by Contracting Parties.

They shall at the same time endeavour to co-ordinate and support present and future policies and regulations concerning the conservation of wetlands and their flora and fauna.

6. gr.

1. Samningsaðilar skulu, þegar þörf krefur, efna til ráðstefna um vernd votlenda og votlendisfugla.

Article 6

1. The Contracting Parties shall, as the necessity arises, convene Conferences on the Conservation of Wetlands and Waterfowl.

2. Ráðstefnur þessar skulu vera ráðgefandi og bærar um meðal annars:

   a) að ræða framkvæmd þessarar samþykktar;
   b) að ræða viðauka og breytingar á skránni;
   c) að fjalla um upplýsingar sem fyrir liggja samkvæmt ákvæðum 3. gr., 2. málsgr., um breytingar á vistfræðilegum sérkennum votlenda sem eru á skránni;
   d) að koma á framfæri við samningsaðila almennum eða sérstökum tilmælum um vernd, ráðstöfun eða hyggilega nýtingu votlenda og gróðurs þeirra og dýralífs;
   e) að vinna að því við alþjóðastofnanir, sem hlut eiga að máli, að þær geri greinargerðir og tölulegar skýrslur um mál sem snerta votlendi og eru fyrst og fremst alþjóðlegs eðlis.

3. Aðilar skulu tryggja, að hlutaðeigandi aðilum á öllum stigum ráðstöfunar votlenda verði kynnt tilmæli slíkra ráðstefna um vernd, ráðstöfun og hyggilega nýtingu votlenda og gróðurs þeirra og dýralífs, og ennfremur að þeir taki tillit til slíkra tilmæla.

2. These Conferences shall have an advisory character and shall be competent inter alia:

   a) to discuss the implementation of this Convention;
   b) to discuss additions to and changes in the List;
   c) to consider information regarding changes in the ecological character of wetlands included in the List provided in accordance with paragraph 2 of Article 3;
   d) to make general or specific recommendations to the Contracting Parties regarding the conservation, management and wise use of wetlands and their flora and fauna;
   e) to request relevant international bodies to prepare reports and statistics on matters which are essentially international in character affecting wetlands.

3. The Contracting Parties shall ensure that those responsible at all levels for wetlands management shall be informed of, and take into consideration, recommendations of Conferences concerning the conservation, management and wise use of wetlands and their flora and fauna.

7. gr.

1. Meðal fulltrúa aðila á slíkum ráðstefnum skulu vera menn sem eru sérfróðir um votlendi eða votlendisfugla, vegna þekkingar og reynslu er þeir hafa aflað sér við vísindastörf, stjórnsýslu eða á annan slíkan hátt.

2. Hver aðili sem á fulltrúa á ráðstefnu skal fara með eitt atkvæði. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nægir til samþykktar tilmæla, enda taki að minnsta kosti helmingur aðila þátt í atkvæðagreiðslu.

Article 7

1. The representatives of the Contracting Parties at such Conferences should include persons who are experts on wetlands or waterfowl by reason of knowledge and experience gained in scientific, administrative or other appropriate capacities.
2. Each of the Contracting Parties represented at a Conference shall have one vote, recommendations being adopted by a simple majority of the votes cast, provided that not less than half the Contracting Parties cast votes.

8. gr.

1. Alþjóðasambandið um náttúruvernd (IUCN) skal annast skrifstofuhald samkvæmt samþykkt þessari, uns önnur stofnun eða stjórn er skipuð. Til

Article 8

1. The International Union for the Conservation of Nature and Natural Resources shall perform the continuing bureau duties under this Convention

slíkrar skipunar þarf samþykki tveggja þriðju hluta aðila.

2. Skrifstofuhald er í því fólgið meðal annars:
   a) að aðstoða við að kalla saman og skipuleggja ráðstefnur þær er nánar greinir í 6. grein;
   b) að halda skrá um votlendi með alþjóðlegt gildi og taka við upplýsingum frá aðilum um allar viðbætur, útfærslur, brottfellingar eða takmarkanir, er snerta votlendi, sem eru á skránni, samkvæmt ákvæðum 2. greinar, 5. málsgreinar;
   c) að taka við upplýsingum frá samningsaðilum um allar breytingar á vistfræðilegum sérkennum votlenda sem á skránni eru, samkvæmt ákvæðum 3. greinar, 2. málsgr.;
   d) að senda tilkynningar um allar breytingar á skránni eða breytingar á sérkennum votlenda, sem þar eru skráð, til allra samningsaðila, og að sjá til þess að þessi mál séu rædd á næstu ráðstefnu;
   e) að tilkynna viðkomandi samningsaðila um tilmæli ráðstefnanna að því er varðar slíkar breytingar á skránni eða breytingar á sérkennum skrásettra votlenda.

until such time as another organization or government is appointed by a majority of two-thirds of all Contracting Parties.

2. The continuing bureau duties shall be, inter alia:
   a) to assist in the convening and organizing of Conferences specified in Article 6;
   b) to maintain the List of Wetlands of International Importance and to be informed by the Contracting Parties of any additions, extensions, deletions or restrictions concerning wetlands included in the List provided in accordance with paragraph 5 of Article 2;
   c) to be informed by the Contracting Parties of any changes in the ecological character of wetlands included in the List provided in accordance with paragraph 2 of Article 3;
   d) to forward notification of any alterations to the List, or changes in character of wetlands included therein, to all Contracting Parties and to arrange for these matters to be discussed at the next Conference;
   e) to make known to the Contracting Party concerned, the recommendations of the Conferences in respect of such alternations to the List or of changes in the character of wetlands included therein.

9. gr.

1. Undirritun samþykktar þessarar eru ekki sett tímamörk.
2. Sérhver aðili Sameinuðu þjóðanna eða einhverrar af sérstofnunum þeirra eða Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar eða aðili að Alþjóðadómstólnum getur gerst aðili að þessari samþykkt með:
   a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu;
   b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu og síðari fullgildingu;
   c) aðild.

Article 9

1. This Convention shall remain open for signature indefinitely.
2. Any member of the United Nations or of one of the Specialized Agencies or of the International Atomic Energy Agency or Party to the Statute of the International Court of Justice may become a party to this Convention by:
   a) signature without reservation as to ratification;
   b) signature subject to ratification followed by ratification;
   c) accession.

3. Fullgilding eða aðild skal fara fram með afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals til aðalritara Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) (hér á eftir nefndur „vörsluaðili").

10. gr.

1. Samþykkt þessi öðlast gildi fjórum mánuðum eftir að sjö ríki hafa gerst aðilar að henni samkvæmt ákvæðum 9. greinar, 2. málsgr.

2. Fyrir þá er síðar gerast aðilar verður samþykktin bindandi fjórum mánuðum eftir þann dag, sem undirritun án fyrirvara um fullgildingu eða afhending fullgildingar- eða aðildarskjals fer fram.

11. gr.

1. Samþykkt þessi gildir um óákveðinn tíma.
2. Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild að samþykktinni, eftir að fimm ár eru liðin frá þeim degi er samþykktin öðlast gildi fyrir hann, með því að tilkynna það skriflega. Uppsögn aðildar skal öðlast gildi fjórum mánuðum eftir þann dag sem tilkynning um hana berst vörsluaðila.

12. gr.

1. Vörsluaðili skal svo fljótt sem auðið er tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað og gerst aðilar að samþykkt þessari um:
   a) undirskriftir undir samþykktina,
   b) afhendingu fullgildingarskjala vegna samþykktarinnar,
   c) afhendingu aðildarskjala vegna samþykktarinnar,
   d) hvenær samþykktin öðlast gildi,
   e) tilkynningar um uppsögn aðildar að samþykktinni.
2. Þegar þessi samþykkt hefur öðlast gildi skal vörsluaðili láta skrásetja hana hjá aðalskrifstofu Sameinuðu

3. Ratification or accession shall be effected by the deposit of an instrument of ratification or accession with the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, (hereinafter referred to as "the Depository").

Article 10

1. This Convention shall enter into force four months after seven States have become Parties to this Convention in accordance with paragraph 2 of Article 9.
2. Thereafter this Convention shall enter into force for each Contracting Party four months after the day of its signature without reservation as to ratification, or its deposit of an instrument of ratification or accession.

Article 11

1. This Convention shall continue in force for an indefinite period.
2. Any Contracting Party may denounce this Convention after a period of five years from the date on which it entered into force for that Party by giving written notice thereof to the Depository. Denunciation shall take effect four months after the day on which notice thereof is received by the Depository.

Article 12

1. The Depository shall inform all States that have signed and acceded to this convention as soon as possible of:
   a) signatures to the Convention;
   b) deposits of instruments of ratification of this Convention;
   c) deposits of instruments of accession to this Convention;
   d) the date of entry into force of this convention;
   e) notifications of denunciation of this Convention.
2. When this Convention has entered into force, the Depository shall have it registered with the Secretariat of the

þjóðanna samkvæmt ákvæðum 102. greinar stofnskrárinnar.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem hafa til þess löglegt umboð, skrifað undir þessa samþykkt.

Gert að Ramsar hinn 2. febrúar 1971 í einu frumriti á hverju máli um sig, ensku, frönsku, þýsku og rússnesku. Séu þau ósamhljóða skal enski textinn gilda. Frumritið skal afhent vörsluaðila til varðveislu og skal hann senda staðfest afrit af frumritinu öllum samningsaðilum.

United Nations in accordance with Article 102 of the Charter.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

DONE at Ramsar this 2nd day of February 1971, in a single original in the English, French, German and Russian languages, in any case of divergency the English text prevailing, which shall be deposited with the Depository which shall send true copies thereof to all Contracting Parties.

Nr. 2. 16. janúar 1978.

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamning við Tékkóslóvakíu.

Í dag tók gildi viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu, sem undirritaður var í Reykjavík hinn 1. september s. l. Samningur þessi kemur í stað eldra samnings frá 12. október 1971.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 16. janúar 1976.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

LONG-TERM TRADE AND PAYMENTS AGREEMENT

between the Republic of Iceland and the Czechslovak Socialist Republic

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Czechoslovak Socialist Republic

being desirous of intensifying and of promoting the development of trade between the two countries on the basis of equality and mutual benefit and

affirming their determination to strive for the economic cooperation and the implementation of the principles and provisions of the Final Act of the Conference on Security and Cooperation in Europe

taking into consideration the principles of the General Agreement on Tariffs and Trade of which the two countries are Contracting Parties

have agreed as follows:

Article 1

The exchange of goods between the two countries shall be effected in accordance with the provisions of this Agreement, the rules of the General Agree-